


11748/149

Sumarbústaáshverfi
að Stokkahlöðum í Eyjafirði

Skipulag

Litla-Dal 1 apríl 1988


Jónas Vigfússon
F.V.F.I.

SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Svæðið sem skipulag þetta nær yfir er syðst í landi Stokkahláða í Hrafnagilshreppi, Eyjafirði. Svæðið er u.þ.b. 9 ha. stórt og afmarkast af heimreið að Merkgigli að norðan, Þjóðvegi að austan og landamerkjum Stokkahláða og Espihóls og Merkgils að sunnan og vestan. Svæðið er vestan Eyjafjarðarár, u.þ.b. 13 km sunnan Akureyrar. Skipulagssvæðið er í brattri hlið og er breidd þess u.þ.b. 200 m, en lengd upp og niður um 450 m. Mesti hæðarmunur er um 60 m.

NATTURUFAR

Á suðurmörkum svæðisins rennur lækur, sem getur orðið þó nokkuð vatnsmikill á vorin. Efst og syðst á svæðinu er myrlendisblettur, en annars skiptast á grónir móar og móabörð. Neðst á svæðinu er svo ræktað, tiltölulega flatt, tún.

NYTING SVÆÐISINS

Gert er ráð fyrir að byggja allt að 10 sumarhústaði á svæðinu, hvern u.þ.b. 50 fermetra að stærð. Nytingarhlutfall er því u.þ.b. 0,006 eða u.þ.b. 1 sumarhústaður á hverja 9.000 fermetra.

Svæðið notist fyrir hústaðina, aðkomu að þeim og sem útivistarsvæði fyrir umráðamenn og gesti sumarhústaðanna.

Hverjum sumarhústað fylgi afmarkaður reitur u.þ.b. 25x25 fermetrar, eingöngu til afnota fyrir viðkomandi hústað.

Annað svæði er hugsað til sameiginlegra nota.

Neðst á skipulagssvæðinu er fyrirhugað opið útivistarsvæði á túni sem er þar núna. Þar er hægt að hafa fótboltamörk og önnur leiktæki til sameiginlegra nota.

Sunnan við svæðið er möguleiki á aðhaldi fyrir hross ferðamanna, sem ferðast með Þjóðveginum.

UMFERÐ

Aðkoma að svæðinu er frá Þjóðvegi upp afleggjarann að Merkiqili. Út frá afleggjaranum komi þrjú botnlangar í suður, er endi á bílastæði í grennd við sumarbústaðina. Gönguleið liggir frá efstu sumarbústaðunum og niður á opið útivistarsvæði.

SUMARBÚSTAÐIR

Húsin skulu gerð úr léttu byggingarefni, helst timbri. Skulu þau almennt vera á einni hæð, en þó er heimilt að hafa svefnloft í risi. Þök skulu vera með risi og skal þakhalli vera 30° - 60°. Stærð húsanna skal ekki vera meiri en 50 fermetrar. Staðsetning sé samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti í stórum dráttum, en ákveðið nænar í samráði við byggingarfulltrúa. Ekki skulu geymsluskúrar settir niður á lóðunum, nema með leyfi landeigenda og byggingarnefndar.

GRÓÐURSETNING

Innan afmarkaðs svæðis, umhverfis hvern einstakan sumarbústað er umáðamönnum heimil gróðursetning að vild.

A sameiginlegu svæði skal gróðursetja tré sameiginlega af húsráðendum. Fyrst skal reynt að mynda skjólbelti umhverfis svæðið og þar á eftir gróðursetja trjálundi innan svæðisins. Reynt skal að planta þannig að hver bústaður hafi sem mest næði frá næstu bústaðum. Jafnframt skal þess gætt að halda gönguleiðum opnum um allt svæðið og einkum niður á sameiginlegt útivistarsvæði neðst á skipulagssvæðinu og meðfram læknum.

VATNSOFLUN

Vatnsból er um 2 km norðan og ofan skipulagssvæðisins og skal það leitt þaðan í sameiginlegri vatnsveitu að hverjum bústað, nema annar jafn góður staður finnist nær.

FRÁRENNSLI

Frárennsli skal lagt frá hverjum bústað í sameiginlega rotbró, sem verður staðsett við hverja húsabyrpingu (3 rotbró alls).

J. V.